

**Fundargerð 126. fundar**  
**fræðslunefndar Flóahrepps**

**Fundarstaður:** Þingborg

**Fundardagur:** Þriðjudagur 16. febrúar 2021

**Fundartími:** Krakkaborg: 16.30 - 17.15  
Sameiginleg málefni: 17.15 – 17.30  
Flóaskóli: 17.30 – 18.30

**Fundarmenn:** Mareike Schacht, formaður  
Bjarni Stefánsson, varaformaður  
Ægir Sigurðsson, ritari  
Axel Páll Einarsson, aðalmaður  
Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólastjóri Flóaskóla  
Hulda Kristjánsdóttir fulltrúi kennara Flóaskóla  
Stefanía Ósk Benediktsdóttir fulltrúi starfsmanna Krakkaborgar  
Margrét Drífa Guðmundsdóttir, fulltrúi foreldra úr Flóaskóla  
Sara Guðjónsdóttir, leikskólastjóri

KMS

APÉ

GAH

MDG

HK

B. St.

AS

### Krakkaborg:

1. Fréttir af skólastarfinu – stutt samantekt. Leikskólastjóri fór yfir helstu fréttir af skólastarfi, ráðningar, áherslur í skólastarfinu o.fl.
2. Sumarfrí leikskólans- Samkvæmt nýjum kjarasamningum fá starfsmenn fimm auka daga í sumarfrí. Rætt um fyrirkomulag á þessum frídögum. Í Árborg hefur þessum dögum verið bætt aftan við hefðbundið sumarfrí, rætt hvort það gæti hentað í Flóahreppi. Tillaga frá skólastjórnendum er að hefðbundið sumarfrí verði ekki lengt en starfsfólk geti tekið þessa auka frídaga eftir hentugleika. Fræðslunefnd gerir ekki athugasemd og leggur til að sveitastjórn samþykki tillöguna.
3. Önnur mál

W. Maríe Skarlat

Axel Páll Einarsson

Stefanía Ósk Benediktsd.

Jurva

Pjermi Stefanna -

Þórir Sig

### Sameiginleg málefni:

4. Skólaheimsóknir  
Nemendur Krakkaborgar sem munu hefja nám næsta haust í Flóaskóla hafa farið í eina skólaheimsókn og gekk það mjög vel. Stefnt er að skólaheimsókn einu sinni í mánuði auk þess sem nemendur taka þátt í verkefni „Gullin í grenndinni“.
5. Önnur mál. Rætt um skóladagatöl, lagt er til aukið samstarf um skóladagatöl. Samræma þarf starfsdaga, hugsanlega hægt að fá sameiginlega fyrirlestra o.fl. Skólastjórnendur ætla að vera tilbúnir með drög að skóladagatölum fyrir næsta fund fræðslunefndar.

V. Hareide Skarlat

Arveit Páll Einarsson

Guðlaugur Hásteinsson

Stefanía Öst Benediktssd.

Jóna

Margrét Dnífa Guðmundsdóttir

Hlúeta Vagn

Þorgerður Stefán

Þorgerður Vagn

**Flóaskóli:**

6. Fréttir af skólastarfinu – stutt samantekt. Skólastjóri hefur sent fréttir af skólastarfi á nefndarfólk. Farið yfir helstu atriði. M.a. rætt um kosti og galla við foreldraviðtöl í gegnum tölvu eða á staðnum í skólanum. Einnig rætt um lesfímipróf o.fl.
7. Bókun sveitarstjórnar vegna skólahúsnæðis – umræða/þarfagreining. Sveitastjórn hefur falið fræðslunefnd að skoða alla möguleika á frekari nýtingu eða hagræðingu innan þess húsnæðis sem er til staðar í Flóaskóla. Rætt um möguleika á hagræðingu innan húsnæði skólans. Ljóst er að þegar eldra húsnæði var tekið úr notkun hefur þrennt mjög að skólastarfi. Rætt um möguleika á betri nýtingu á núverandi húsnæði, m.a. í Skólatröð og Þjórsværvi. Skólastjóri ætlar að setja tillögur á blað sem brýnt er að fara í sem fyrst og senda á fulltrúa fræðslunefndar.  
Fræðslunefnd leggur til að Mareike Schacht formaður fræðslunefndar og Axel Páll Einarsson verði fulltrúar fræðslunefndar í vinnuhópi sem verði falið að vinna að framtíðarskipulagi og uppbyggingu á lóð Flóaskóla.
8. Önnur mál. Rætt um skóladagatal næsta skólaárs, hvort möguleiki er á að setja inn haustfrí. Almennu eru skólar á Suðurlandi með haustfrí. Rætt um kosti og galla við að setja á haustfrí. Skólastjórnendur ætla að skoða málið við gerð skóladagatals.

V. Mareike Schacht  
Axel Páll Einarsson  
Guðmundur Guðmundsson  
Margrét Drífa Guðmundsdóttir  
Hinnu ef.  
Benni Stefánsson  
Ágís Þorjónsdóttir